

Skýrsla formanns Lífsins samtaka um líknarmeðferð

Starfsárið 2011-2012

Flutt á aðalfundi samtakanna fimmtudaginn 10. maí 2012

Fyrsti fundur stjórnar, sem er óbreytt frá fyrra ári, var haldin mánudaginn 5. september 2011 og þar skipti stjórnin með sér verkum á eftirfarandi hátt.

- Rósa Kristjánsdóttir djákni, formaður
- Oddný Fjóla Lárusdóttir sjúkraliði, varaformaður og stjórnandi fréttabréfs
- Arndís Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur, ritari
- Guðríður Þórðardóttir hjúkrunarfræðingur, gjaldkeri
- Ingibjörg Friðbertsdóttir hjúkrunarfræðingur, meðstjórnandi
- Ásdís Þórbjarnardóttir hjúkrunarfræðingur, varamaður og umsjón vefsíðu
- Lóa Björk Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur, varamaður

Fundir stjórnar sem voru alls 9 á starfsárinu voru haldnir fyrsta mánudag í mánuði kl: 08:15 á líknardeildinni í Kópavogi.

Fyrsta verkefni starfsársins var að venju undirbúningur fyrir alþjóðardag líknar sem var 8. október og var yfirskrift hans „Many diseases, many lives, many voices, palliative care for non-communicable conditions.“ Við fórum af stað með óskir til Fréttablaðsins sem birti viðtal við Arndísi Jónsdóttur og svo fengum við inni í Samfélaginu í nærmynd hjá RUV en Rósa Kristjánsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir voru þar í viðtali við Hrafnhildi Halldórsdóttur um líknarmeðferð.

Samtökin sendu frá sér tvö fréttabréf á starfsárinu annað á aðventu en hitt nú á vordögum. Okkur hefur gegnið alveg ágætlega að fá efni í blöðin og kunnum við þeim sem áttu efni þar þakkar fyrir svo og Oddný Fjólu Lárusdóttur sem sá um útgáfuna.

Við hófum fljótlega undirbúning fyrir námskeið samtakanna sem er jú mikilvægasta verkefnið okkar á hverju ári. Skoðuðum við tillögur frá síðasta námskeiði og komum okkur svo niður á vinnuheiti fyrir námskeiðið.

„Við sjálf í samskiptum við sjúklinga og fjölskyldur“

Ákveðið var að fara í samstarf við Arnlaugu Björgu Hálfðanardóttur sem er hjúkrunarfræðingur og markþjálfari en hún hafði auglýst námskeið með yfirskriftinni „samskipti- traust- hugrekki- ábyrgð- og nærvera.“ og fannst okkur þetta dekka vel þær óskir sem við höfðum fengið um efni á námskeiði hjá okkur. Einnig var ákveðið að fá prófessor Sigríði Halldórsdóttur í háskólanum á Akureyri til að flytja erindi sitt „Tilvistarfærni: lykilorð umönnunar í líknarþjónustu.“ Verður að segjast að samvinnan við þessar frábæru konur gekk mjög vel og erindin þeirra og hópavinnan með Arnlaugu dekkjuðu vel yfirskriftina.

Námskeiðið var haldið 27. apríl í safnaðarheimili Háteigskirkju og fengum við afnotin endurgjaldslaust og erum við í stjórn ákaflega þakklát fyrir það.

Þátttakendur í námskeiðinu voru 40 en þar af voru allir stjórnarmenn og tveir gestir. Mat þátttakenda á námskeiðinu var mjög jákvætt og er greinilegt að það fyrirkomulag sem við höfðum þ.e. fræðsla og hópavinna mælist mjög vel fyrir.

Eins og undanfarin tvö ár sá Icelandic Travel um skráningu og hefur samvinnan við Tinnu verið mjög gott. Uppgjörið er ekki komið þar sem svo stutt er síðan námskeiðið var.

Fjöldi félaga innan samtakanna hefur verið nokkurn veginn sá sami í þó nokkur ár eða milli 220-230. Helsta tekjulind okkar eru félagsgjöldin.

Styrkveitingar úr styrktarsjóði samtakanna voru alls 8 þetta starfsár og er það algjört met og bara gleðilegt því þannig ná samtökin megin markmiði sínu að stuðla að framförum á sviði líknarmeðferðar samkv. 2gr. laga samtakanna.

Styrki hlutu: Sr. Bragi Skúlason, Elfa Þöll Grétarsdóttir, Guðríður K Þórðardóttir, Svandís Íris Hálfðanardóttir, Arndís Jónsdóttir, Ásdís B. Þórbjarnardóttir, Berglind Víðisdóttir og Sigríður Zöega. Gjaldkeri mun gera grein fyrir styrkjunum í sínu uppgjöri.

Formaður hefur sótt um styrki fyrir hönd samtakanna m.a. hjá Landsbankanum og Pokasjóði en við höfum ekki að svo komnu fengið náð fyrir augum þeirra en við höldum áfram. Verkefnið sem við erum að sækja um aðstoð við er að útbúa fræðsluefni um líknarmeðferð fyrir almenning.

Vefsíðan okkar hefur verið í höndum Ásdísar Þórbjarnardóttur og erum við stolt af henni og þökkum Ásdísi fyrir vel unnin störf en hún gefur ekki kost á sér í stjórn lengur en mun örugglega liðsinna þeim sem taka síðuna yfir. Fyrir hönd samtakanna vil ég þakka henni frábært samstarf og alla vinnuna sem hún hefur unnið fyrir samtökin.

Ingibjörg Friðbertsdóttir gengur einnig úr stjórn og vil ég þakka hennar framlag og óska þeim báðum gæfu og góðs gengis í framtíðinni.

Að lokum vil ég þakka einstaklega góða og uppbyggjandi samvinnu þeirra sem ég hef unnið með í stjórn samtakanna. Ég er þakklát fyrir að hafa fengið þetta tækifæri til að koma mínum áherslum í líknarmeðferð í framkvæmd en það er og verður þeir hópar sjúklinga sem ég hef mest sinnt í minni þjónustu þ.e. hjarta- lungna- nýrna og taugasjúklingar. Verkefnin eru næg og óska ég nýrri stjórn alls hins besta og er auðvitað tilbúin til að vera liðsmaður samtakanna áframhaldandi.

Reykjavík 10. maí 2012

Rósa Kristjánsdóttir formaður